

Skaftárhreppur
Ólafur E Júlíusson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 14. desember 2020
UST202012-005/B.S.
10.04.00

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 og nýtt
deiliskipulag - virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu. Umsögn**

Vísað er til erindis Skaftárhrepps dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulags- og matslysingu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi frummatsskýrslu verkefnisins til Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2017.

Umhverfisstofnun telur að fullyrðing í lýsingunni um skert verndargildi eldhrauna séu þau mosavaxin eigi ekki við rök að styðjast. Unnt er að fallast á að hraun sem eru það sandi orpin eða hulin það miklum jarðvegi að form eldhrauns sé horfið á yfirborði eins og sést t.d. víða í Þjórsárhrauninu teljist hafa skert verndargildi. Mosavaxin hraun eins og Skaftárel dahraunið þar sem mosinn dregur frekar fram form jarðmyndunarinnar fremur en afmá það hefur að mati stofnunarinnar mikið verndargildi eins og sjá má af þeirri athygli sem hraun af þessu tagi njóta bæði meðal ferðamanna og þeirra sem kynna náttúru Íslands heima og erlendis.

Í ljósi verndargildis hrauns á skipulagssvæðinu og þess að hér er verið að hefja mannvirkjagerð á áður óróskuðu landi telur Umhverfisstofnun að leggja beri áherslu á að raska eins litlu svæði og mögulegt er.


Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni, þurfi að koma fram hvaða brýnir almannahagsmunir réttlæta röskunina, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Skilgreina ætti þróngt athafnasvæði við mannvirkjagerðina, velja vegstæði þannig að sem minnst þurfi að hreyfa við landi og reynt verði að fella aðkomuveg og önnur mannvirki eins vel að landi og kostur er.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur